

Magnús Már Magnússon

Snjóflóðavaktin

Uppgjör vetrarins 2001 - 2002

1 INNGANGUR

Snjóflóðavaktin hófst 15. október 2001 og stóð fram til 15. apríl, 2002. Ekki var talin ástæða til að framlengja vaktina, snjóalög voru orðin stöðug og veðurútlit þökkalegt.

Veturinn 2001–2002 var sjötti veturinn, sem viðbúnaðarkerfi vegna rýminga hefur verið rekið á Veðurstofunni. Sex starfsmenn gengu snjóflóðavaktir síðastliðinn vetur. Einn nýr starfsmaður kom inn á vaktirnar í vetur, Hörður Þór Sigurðsson. Í fyrstu var hann með Magnúsi Má á vöktunum en fór að ganga sjálfstæðar vaktir er leið á veturinn.

19 snjóathuganamenn eru starfandi í 13 byggðalögum, 6 „aðalmenn“ og 13 „aðstoðarmenn“. Ekki urðu breytingar á starfsháttum þeirra.

Veturinn 2001–2002 var mjög rólegur og var aldrei gripið til rýminga.

Eins og gert var í skýrslu síðasta vetrar, skrifa snjóeftirlitsmenn stutt yfirlit um veturinn eins og hann kom þeim fyrir sjónir. Þessar samantektir eru í viðauka C.

2 RÝMINGAR

Hvergi var gripið til formlegra rýminga um veturinn. Viðbúnaðarástand var einu sinn sett á s.l. vetur, á norðanverðum Vestfjörðum og norðanverðum Tröllaskaga. Stóð það einungis í einn sólarhring. Samhliða því var sett á svo nefnt „**B**“ ástand á hesthúsahverfið undir Ósbrekkufjalli við Ólafsfjörð.

Í annað skipti var höfð vakt um nótt á Veðurstofunni vegna slæmrar spár. Í fyrstu virtist spáin ætla að ganga eftir og átti að fara að setja á „viðbúnaðarástand“, þegar rofaði til og brast á með bezta veðri.

Í viðauka D er tafla sem segir hvenær og hvar grænt ástand var við líði.

3 VAKTAFÓLK

Eftirfarandi starfsmenn gengu snjóflóðavaktir veturinn 2001 til 2002.

- Magnús Már Magnússon (MMM)
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir (SHH)
- Tómas Jóhannesson (TÓJ)
- Kristján Ágústsson (KÁ)
- Esther Hlíðar Jenssen (EHJ)
- Hörður Þór Sigurðsson (HÞS)

Í viðauka A er tafla, sem sýnir vaktaskipulag vetrarins.

4 VIÐBÚNAÐUR Á VEÐURSTOFUNNI

Sem fyrr er rýmingarviðbúnaði skipt í þrjú stig, svokallað grátt, grænt eða gult ástand, eftir því hversu mikið eftirlit þarf að hafa með snjóflóðahættu á hverjum tíma. Í gráu ástandi er ekki talin hætta á snjóflóðum, en fylgst er með veðurspám á hverjum degi og metið hvort slík hætta kunni að skapast á næstu dögum. Ef hætta er talin geta skapast á næstunni er lýst yfir viðbúnaðarástandi, sem auðkennt er með grænum lit. Þegar ákveðið hefur verið að rýma hús, er ástandið auðkennt með gulum lit. Veturinn 2001–2002 var einungis farið yfir á grænt ástand einu sinni, en hús voru aldrei rýmd.

5 BAKVAKTIR

Fjöldi skráðra tíma á bakvöktum var sem hér segir:

Vaktahlutfall	Fjöldi tíma fyrir áramót skv.			Fjöldi tíma eftir áramót skv.			Samtals skv.		
	kladda	bókhaldi	grunnvakt	kladda	bókhaldi	grunnvakt	kladda	bókhaldi	grunnvakt
33%	300	300	337.25	427.5	425.5	458.25	727.5	725.5	795.5
45%	700	700	615	1009	1009	842	1709	1709	1457
90%	48	48	48	72	72	72	120	120	120
Samtals	1048	1048	1000.25	1508.5	1506.5	1372.25	2556.5	2554.5	2372.5

Þetta eru heildartölur, teknar úr bókhaldi VÍ. Þær innihalda „almennar“ vaktir, sem eru allt vaktatímabilið. Dálkurinn sem merktur er „grunnvakt“ segir til um fjölda þeirra tíma sem grunnvöktunin fól í sér, þ.e. þann fjölda tíma sem bakvaktir væru við líði ef ekkert „ástand“ kæmi til og engin skörun væri bakvöktum og á annarri vinnu. Ástæða þess að reikningsfærðir tímar eru mun fleiri en grunnvaktin segir til um, þrátt fyrir að aldrei kom til rýminga í vetur eru, tvöföld vakt vegna æfingavakta, og vegna veikinda.

Í viðauka B er lýst hvernig bakvöktum var háttáð.

6 TILLÖGUR UM ENDURBÆTUR OG ATRIÐI TIL UMHUGSUNAR

Á árinu 2000 var gengið frá tillögum um breytingar á rýmingarreitum á Flateyri, í Hnífsdal og einnig í Súðavík. Ekki er enn búið að ganga formlega frá þeim breytingum.

Enn er málum þannig háttáð, að snjóflóðavaktafólk hringir beint í sjálfvirkar veðurstöðvar. Vísað er til uppgjors vetrarins 1998–1999 um þetta málefni.

Sjálfvirka veðurstöðin í Fífladölum, ofan Siglufjarðarbæjar var í sambandi fram eftir vetri en datt út í febrúar. Nauðsynlegt er að endurskoða rafmagnsmál stöðvarinnar svo hún geti haldist virk allan veturinn.

Nokkuð var um að leitað væri ráða hjá snjóflóðavaktinni varðandi lokun vega vegna snjóflóðahættu. Var ráðgjöf veitt eftir fremsta megni en nauðsynlegt er að setja formlegar viðmiðunarreglur varðandi aðkomu Veðurstofunnar og leggja áherzlu á að þetta er gert sem ráðgjöf. Ákvarðanir eru eftir sem áður teknar af sýslumönnum og Vegagerðinni.

Einnig voru sendar út fréttatilkynningar um almenna snjóflóðahættu og þeim tilmælum beint til almennings að fara varlega. Settar voru fram leiðbeinandi reglur um hvernig er staðið skuli að slíkum tilkynningum og hvenær á að gefa þær út. Sjá minnisblað ÚR-MMM-2001-03, sem finna má undir krækjunni „Vaktamál“ á „Vinnusíðu snjóflóðavaktar“ og „Vinnusíðu snjóathugunarmanna“.

Útbúin voru stöðluð fréttatilkynningablöð, bæði vegna almennra tilkynninga og einnig rýminga.

7 VAKTAPLÁSS OG ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Aðstaða snjóflóðavaktarinnar uppi á þriðju hæð breyttist ekkert síðasta vetur. Símaskrá snjóflóðavaktarinnar er nú sett upp á vefinn og viðhaldið þar. Krækja á símaskrána er að finna á vinnusíðum snjóflóðavaktarinnar og snjóathugunarmanna á netinu. Þar er hún öllum aðgengileg. Ekkert reyndi á aðstöðuna fyrir utan hið daglega eftirlit.

Huga þarf að loftræstingu í spásalnum á þriðju hæð svo ekki þurfi að tempra loftslagið með því að galopna gluggann þar sem neyðaraðstaðan er. Þetta hefur það í för með sér að mikið ryk og skítur berst inn og sezt á tölvur og tæki sem eru þar. Einnig eru öll húsgögn gegnsósa af ryki og óhreinindum.

Veðurdeigla á PC vélinni hefur reynst mjög vel og er til mikils hagræðis því ekki þarf lengur að sæta lagi til að trufla ekki veðurfræðingana.

Vaktakerfið var óbreytt frá því veturinn áður. Skráði fólk sig í vaktabók þegar það var á vakt. Hjálpaði það til við vaktauppgjör hvers mánaðar. Næsta vetur verða reikningsskil vegna vakta alfarið unnin af verkefnisstjóra snjóflóðavaktarinnar og verður „gula“ bókin lögð til grundvallar uppgjörinu. Sjá nánar um bakvaktir í viðauka B.

Vel gekk að skrá snjóflóð á „yfirlit vetrarins“. Er þægilegt að hafa það til hliðsjónar þegar annállinn er unninn. Í nokkrum tilfellum var upplýsingar um snjóflóð einungis að finna í þessu yfirliti. Sjá viðauka E.

Mikil og góð reynsla er nú komin á að snjóathuganarmenn mæli útlínur flóða með GPS-tækjum og sendi mæliskrárnar beint til Veðurstofunnar með tölvupósti. Sá háttur er nú hafður á að snjóathugunarmaður hringir inn grunnupplýsingar um snjóflóð svo hægt er úthluta því snjóflod númeri úr gagnagrunninum og skrá það þannig strax í gagnagrunninn. Snjóathugunarmaður mælir flóðið með GPS eða teiknar inn á kort og sendir til Veðurstofunnar. Útlínur flóðsins eru yfirfærðar í landupplýsingakerfi Veðurstofunnar, kort prentað út og sent til baka til athugunarmanns, sem teiknar inn það sem ekki náðist að mæla eða skrá og sendir til baka til VÍ ásamt útfylltri snjóflóðaskýrslu. Snjóflóðaskýrslan er færð strax inn í gagnagrunninn.

Öll samskipti athugunarmanna og Veðurstofunnar um snjóflóð eru auðkennd með gagnagrunnsnúmerinu snjóflod, sem eykur á skilvirkni og nákvæmni í samskiptum. Þannig eru lang flest flóð vetrarins sleginn jafnóðum inn í gagnagrunninn og það er liðin tíð að stórir staflar af snjóflóðaskýrslum berist Veðurstofunni á vorin.

Viðauki A

Vaktaskipulag, frá 15. október til 15. apríl, var sem hér segir¹.

Frá - Til	S1	S2	S3	S4	S5
15.10.'01 - 22.10.'01	MMM	EHJ	SHH	TóJ/KÁ	KÁ/TóJ
22.10.'01 - 29.10.'01	EHJ	SHH	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ
29.10.'01 - 5.11.'01	SHH	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ	EHJ
5.11.'01 - 12.11.'01	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ	EHJ	SHH
12.11.'01 - 15.11.'01	KÁ	MMM	EHJ	SHH	TóJ
15.11.'01 - 19.11.'01	TóJ	MMM	EHJ	SHH	KÁ
19.11.'01 - 26.11.'01	EHJ	MMM	SHH	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ
26.11.'01 - 3.12.'01	MMM	SHH	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ	EHJ
3.12.'01 - 10.12.'01	MMM	SHH	TóJ/KÁ	KÁ/TóJ	EHJ
10.12.'01 - 17.12.'01	SHH	TóJ/KÁ	MMM	EHJ	KÁ/TóJ
17.12.'01 - 24.12.'01	TóJ	MMM	EHJ	SHH	KÁ
24.12.'01 - 31.12.'01	MMM	EHJ	SHH	TóJ/KÁ	KÁ/TóJ
31.12.'02 - 7.01.'02	EHJ	SHH	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ
7.01.'02 - 14.01.'02	SHH	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ	EHJ
14.01.'02 - 21.01.'02	MMM	KÁ/TóJ	TóJ/KÁ	EHJ	SHH
21.01.'02 - 28.01.'02	KÁ/TóJ	MMM	EHJ	SHH	TóJ/KÁ
28.01.'02 - 4.02.'02	MMM	EHJ	SHH	KÁ	TóJ
4.02.'02 - 11.02.'02	EHJ	SHH	MMM	TóJ	KÁ
11.02.'02 - 18.02.'02	SHH	MMM	TóJ	KÁ	EHJ
18.02.'02 - 25.02.'02	MMM	TóJ	KÁ	EHJ	SHH
25.02.'02 - 28.04.'02	TóJ	MMM	EHJ	SHH	KÁ
28.02.'02 - 4.03.'02	KÁ	MMM	EHJ	SHH	TóJ
4.03.'02 - 11.03.'02	MMM	SHH	EHJ	TóJ/KÁ	HÞS
11.03.'02 - 18.03.'02	SHH	EHJ	MMM	HÞS	TóJ/KÁ
18.03.'02 - 25.03.'02	EHJ	MMM	HÞS	TóJ/KÁ	SHH
25.03.'02 - 1.04.'02	MMM	HÞS	TóJ/KÁ	SHH	EHJ
1.04.'02 - 8.04.'02	HÞS	MMM	SHH	EHJ	TóJ/KÁ
8.04.'02 - 15.04.'02	MMM	SHH	EHJ	TóJ/KÁ	HÞS

MMM = Magnús Már Magnússon

EHJ = Esther Hlíðar Jensen

SHH = Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

KÁ = Kristján Ágústsson

TóJ = Tómas Jóhannesson

HÞS = Hörður Þór Sigurðsson

¹Vaktafólk skiptist iðulega á vöktum svo einhverjar breytingar urðu á skipulaginu. Sjá nánar í vaktabók.

Viðauki B

Reglurnar um bakvaktir voru sem hér segir:

Ástand

Grátt: S1 á bakvakt virka daga frá klukkan 17:00 eða þegar vinnu lýkur og fram til kl 23:00.

Á föstudögum hefst bakvakt einnig eftir vinnu og stendur þar til vaktmaður mætir til vinnu á mánudagsmorgun, en eigi lengur en til kl. 09:00 þann dag.

Grænt: Allir vaktstarfsmenn á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Gult: Allir vaktstarfsmenn á bakvakt utan viðveru í Veðurstofuhúsinu.

Siglufjörður

Veðurfar á Siglufirði veturinn 2001 til 2002

Örlygur Kristfinnsson

Veturinn byrjaði með mildu haustveðri sem stóð fram undir mánaðamót okt. - nóv. en þá kólnaði nokkuð og gerði 10 sm snjóföf í slydduhrið, nokkuð meiri snjór til fjalla.

Nóvember. Mánuðurinn var umhleyplingsamur. Ýmist þíða eða snjócoma, föf á jörðu eða alautt.

Desember. Fyrstu desemberdagana var svolítill snjór en þann 5. byrjar hæg þíða í sunnan þey og hélst svo framundir lok mánaðarins. Rauð jóf og sérstaklega minnisstæð fyrir það að siglfirsk börn voru berjablá í berjamó í blíðskaparveðri á annan í jófum. Síðustu daga ársins snjóaði í allmiklu frosti og á gamlársdag var um 40 sm jafnfallinn snjór.

Janúar. Nýtt ár byrjaði með mikilli þíðu og mörgum votum en meinleysislegum snjóflóðum ofan við bæinn. Áframhaldandi þíðviðri í missterkri sunnanátt hélst linnulítið fram til 20. janúar. Lítill snjór til fjalla. Þá snérist til norðanáttar með snjókomu. Mikið frost og snjór í mjóalegg síðustu daga mánaðarins.

Febrúar. Febrúar hófst með norðan hvassviðri, úrkomu og kólnandi veðri, éljagangur fram til 10. Síðan stóð sunnan þíða í vikutíma. Þá gekk hann í aftur norðan veður með nokkurri snjókomu sem náði hámarki í norðaustan illviðri sem gekk yfir 22. og 23. febrúar.

Mars. Mars heilsaði í stuttri þíðu en þá kólnaði með norðan éljaveðri sem birti þegar liðið var nokkuð á aðra viku. Nokkur snjór á láglandi, en lítill miðað við meðalárið, hart frost. Milt og gott um miðjan mánuðinn, ýmist sólskin eða regn. Í páskavíkunni snjóaði nokkuð í einn tvo daga en að öðru leyti afar gott og milt veður með hægri þíðu.

Apríl. Apríldagarnir hver öðrum betri, sólríkt og einmuna blíða vikum saman. Snjór í minnsta lagi, aðeins fannir í giljum og lægðum til fjalla, stöku skaflar á láglandi. Frá því í janúar hefur snjódýpt verið 200 – 390 sm þar sem mestur snjór var á mælistöngum í hlíðinni.

Í aprílok og maí gerist undrið: Þegar fagna átti formlega snemmkomnu sumri breyttist veður til hins verra. Á sumardeginn fyrsta blés napur vindur af norðri með slydduhraglanda. Smá jók svo veðrið og á viku tíma fór „allt á kaf í snjó“. Telja má með vissu, að um 100 sm djúpur snjór hafi verið víða á láglandi og til fjalla. Mestu snjódýpt vetrarins á mælistöngum var náð eða meira en 450 sm. Þannig má segja að snjóléttur og fremur mildur vetur, sem var einstaklega þægilegur í garð snjóeftirlitsmannsins, hafi kvatt heldur kuldalega.

Skutulsfjörður, Öfundarfjörður, Hnífsdalur og Súðavík

Veður, snjóalög og snjóflóð veturinn 2001 til 2002

Oddur Pétursson

2001

Haustið var hlýtt og snjólétt.

Október. Hlýtt og snjólaust. Gránað í fjöll nokkru sinnum ekki hefur fest snjó á láglandi.

Nóvember. Snjólétt fram til 19. þá mældist fyrsti snjór á láglandi 4 sm jafnfallinn snjór á íþróttavellinum Torfnesi. 27. nóvember féllu flóð innarlega á Súðavíkurlíð, flóð úr Fjár-gilinu lokaði veginum um tíma. 30. nóv. var 19 sm snjódýpt á íþróttavelli.

Desember. 1. – 5. des bætti á snjó og 3. des. var snjódýpt **35 sm á ípróttavelli**, (mesta snjódýpt sem mældist í byggð á vetrinum), og 150 sm á mælistöðinni Kistufelli. 5. – 6. des. féllu nokkur lítil flóð á Súðavíkurlíð, þá var snjódýpt á ípróttavelli 28 sm. Um þetta leyti voru snjóalög hér farin að nálgast meðallag miðað við árstíma. Þessi snjór hafði fallið í hægviðri eða í suðvestlægum eljum og var að byrja að þéttast. Þann 7. hlýnaði og varð hiti +7°C og 10. des. var snjódýpt 0 sm á ípróttavelli og lítill snjór til fjalla, og var svo fram til 30. des. en þá fennti í hægviðri og 31. des. var snjódýpt 30 sm á ípróttavelli. 31. des. féllu snjóflóð á Óshlíð og Súðavíkurlíð og var þá ófært í nokkra klukkutíma til Súðavíkur og Bolungarvíkur.

2002

Janúar. Umhleypingar, vindasamt og snjólétt. Snjódýpt á ípróttavellinum 17. jan. var 0 sm og á Kistufelli 51 sm. Þann 28. janúar var snjódýpt á ípróttavelli 0 sm og á Kistufelli 35 sm. Fyrripart mánaðarins voru suðvestlægar áttir, en frá 12. var norðaustn átt. 20. jan. féll snjóflóð að stærð 1,5 á Kirkjubólshlíð innri. Í mánaðarlokin var snjór aðeins í lautum í byggð, og til fjalla voru hlíðar að mestu auðar, en snjór í giljum. Skíðalyftur voru óvirkar vegna snjóleysis.

Febrúar. Frekar kaldur og umhleypingasamt.

- Frá 1. – 2. febrúar var hvöss NNA átt með töluverðri úrkomu. Snjódýpt á ípróttavelli var 20 sm, á Kistufelli var snjódýpt 120 sm.
- 2. feb. féllu snjóflóð á Kirkjubólshlíð ytri og innri, á Eyrarhlíð og í Þverdal/Breiðadal. Flóðið í Eyrarhlíð lokaði veginum til Hnífsdals um hríð.
- 13. febr. gerði hláku og féllu krapaspýjur á Kirkjubólshlíð.
- 16. febr. gerði SSV kalda og snjókomu aðfaranótt 17. féll snjóflóð á Eyrarhlíð og varð vegurinn ófær um stund.
- 22. febr. var NNA allhvass og snjókoma. Féll þá snjóflóð í Hrafnagili í Seljalandshlíð, tvö snjóflóð á Eyrarhlíð og tvö flóð í Eyrarfjalli, Önundarfirði og eitt á Selabólshlíð. Framanskráð flóð voru í stærðarflokki 1–2. Snjódýpt á ípróttavelli var 25 sm og í Kistufelli 190 sm.

Skíðavæði í Tungudal var opnað 23. febrúar.

Mars. Snjóalög í minna lagi. Í mars féllu engin snjóflóð nálægt byggð í Ísafjaðarbæ og Súðavík. Frostakaffi var í byrjun mánaðarins og voru ísalög á fjörðum í meira lagi, veðurfar umhleypingasamt. Snjódýpt á ípróttavelli í Torfnesi 2. mars var 2 sm og á Kistufelli 180 sm.

Aðfaranótt páskaðags 31. apríl var hvöss NA átt með snjókomu og skafrenningi sem stóð fram að kvöldi annars páskaðags. Urðu allir fjallvegir hér ófærir og víða þungfært í byggð.

Apríl. 1.–2. apríl féll snjóflóð í Ytra-Bæjargili í Önundarfirði af stærð 1–2. Frá 2. til 26. apríl var frekar hlýtt og töluverð leysing og orðið snjólaust að mestu í byggð. 27. apríl var snjódýpt á ípróttavelli 0 sm og í Kistufelli 180 sm. Frá 28. apríl til 1. maí var NA átt með snjókomu á köflum og skafrenningi og fennti töluvert til fjalla.

Maí. 1. maí féllu snjóflóð úr Traðargili í Hnífsdal og í Skollahvilft í Önundarfirði. Þessi flóð voru að stærð 1–2. 1. maí var snjódýpt á ípróttavelli 0 sm. Skíðasvæðið í Tungudal var opið til 1. maí.

Veturinn í heild.

Snjóléttur, engin aftakaveður eða stórsnjóflóð, ekki þurfti að grípa til rýminga hér. Grænt ástand var sett á 2.–3. febrúar. Engin slys á mönnum eða tjón á mannvirkjum hlaust af völdum

snjóflóða. Alls eru skráð 17 snjóflóð, öll í stærðarflokkum 1–2. Skíðalyftur í Tungudal voru opnar frá 23. febr. til 1. maí og var þá lokað vegna snjóleysis.

Snjódýpt við mælistiku á Kistufelli í 600 m h.y.s. síðastliðin fjögur ár:

18.4.1999	400 sm	Mesta snjódýpt mældist	17. mars	402 sm
15.4.2000	295 sm	Mesta snjódýpt mældist	22. mars	305 sm
17.4.2001	275 sm	Mesta snjódýpt mældist	3. mars	295 sm
16.4.2002	184 sm	Mesta snjódýpt mældist	20. febr.	190 sm

Mesta snjódýpt í byggð veturinn 2001 – 2002 mældist 35 sm þann 3. des. (mælistaður íþróttavöllur Torfnesi).

Bolungarvík og nágrenni

Veður, snjóalög og snjóflóð veturinn 2001 til 2002

Jóhann Hannibalsson

- Október:** Snjóalaust veður, stillt og milt.
- Nóvember:** Vinda- og vætusamt fram til 20. en snjóél flesta daga til mánaðamóta.
10. SV-rok og rigning. Aurskriða úr Óshyrnu, Bæjargili.
- Desember:**
8. Snjóflóð úr Traðarhyrnu, Bollagili, innra og ytra gil. Ernir, Leynisgil, sunnan við hesthús.
10. Leysti upp mest allan snjó, aðgerðalítill veður til áramóta og snjóalaust að kalla.
- Janúar:** Umhleypingasamt, snjólétt, talsvert frost síðustu vikuna.
21. Snjóflóð úr Heiðnafjalli.
- Febrúar:** Vindasamt af NA, kalt og frost.
2. Snjóflóð úr Erni, fyrir ofan hesthús.
11. – 12. Snjóflóð úr Erni fyrir ofan Orkubú Vestfjarða - Egilsbúð.
16. Snjóflóð úr Erni, Leynisgil.
- Mars:** Gott vetrarveður fram að páskum. Mikil snjókoma síðustu tvo dagana.
- Apríl:** Veðrasamt fyrstu dagana og síðustu.
- 30.3. – 1.4. Snjóflóð, Marðarhvilft.
1. Snjóflóð úr Erni, Tungudal, fyrir innan Lifrahjalla.
- Maí:** Kaldur og hæg leysing milli élja.

Samtekt: Veturinn í heild var snjóléttur og ekki kom til neinna rýminga en 2. og 3. febrúar var sett á viðbúnaðarástand við norðanverða Vestfirði. Mestallan snjó lagði undan norðaustlægum áttum, og snjósöfnun var því einkum suðvestan til í fjöllum. Talsvert viðhald á stikum vegna snjóleysis og vinda framan af vetri.

Reykhólasveit

Veturinn 2001 til 2002

Bergsveinn G. Reynisson

Þegar þetta er skrifað, er 20° hiti og sól dag eftir dag. Er skrásetjari ekki viss hvort nokkuð snjóaði í vetur, en snjóhrun á veginn í Gilsfirði og smá upprifjun í heilabúinu og dagbókum koma manni á rétt ról aftur.

Veturinn var mjög góður framan af hvað snjó varðaði og nánast autt fram að jólum en þá gerði smá skot, síðan aftur góðviðri og þíða fram á 19. jan. Næstu 2 mánuðir, eða til 19. mars voru frekar leiðinlegir með norðlægum áttum, bylskotum öðru hvoru og frosti. Þann 21. og 22. mars var versti bylur frá því 1995. Þó nokkurn snjó gerði á þessum tíma og voru snjóalög víða meiri en í meðal ári, hann kom hins vegar nokkuð jafnt og þétt og náði góðri bindingu á milli og var hreyfing í upptökum fyrir ofan byggð engin (nánast engin). Í Gilsfirðinum skiptu flóðin hins vegar tugum, þó ekki væru þau skráð og mátti sjá eftir þau malarhrúgur langt út á ís fram eftir öllu vori.

Vesturbyggð og Tálknafjörður

Veturinn 2001 til 2002

Jónas Sigurðsson og Jónas Þór

Veturinn hefur verið með allra besta móti eins og sá síðasti. Hér höfum við séð snjó í fjarska, en ekki hefur snjó fest í okkar hlíðum og þar af leiðandi er lítið sem ekkert hægt að segja um veturinn annað en gott. Sem sagt snjór hefur ekki verið mælanlegur á okkar svæði, þeim hættusvæðum sem hér eru. Það sama má segja um Bíldudal og Tálknafjörð, þar hefur varla sést snjór. Ekki fréttist af neinum snjóflóðum í umdæminu. Í janúar gerði fimbulkulda í nokkrar vikur og eini snjórinn sem sást var snjór sem snjóaði í Ísafjarðardjúpi og fauk yfir í Vattarfjörð og á nýja veginn. Vona að næsti vetur verði á svipuðum nótum.

Við hér í vestasta umdæmi landsins biðjum að heilsa og þökkum ánægjulegt samstarf á síðustu árum, sérstaklega samverustundirnar (fundirnir), sem voru mjög ánægjulegir og skemmtilegir. Við komum til með að sakna þeirra.

Ólafsfjörður

Veður og snjóalög á Ólafsfirði veturinn 2001 til 2002

Ari Eðvaldsson

Í heildina var veturinn mjög snjóléttur, en snjódýpt fór í 75 cm jafnfallið á flugvellingum 29. apríl 2002.

September: Í september var milt og gott veður. 6. september snjóaði efst í fjöll.

Október: Í heild góð veður. 3 snjódýptarstikur voru settar upp í Tindaöxl í október. Töluverð rigning var 2. október. Þann 26. snjóaði og gerði fól niður að sjó.

Nóvember: Umhleyingasamur. Þann 25. fór snjóspýja á Múlaveg innan við Ríp. 26. er 15 cm jafnfallinn snjór á flugvelli og Lágheiði lokast. 28. er 36 cm snjódýpt á flugvelli.

Desember: 4. desember féll snjóflóð í Ytriárfjalli úr Bæjargili og næsta gili við. 6. desember er hláka og 6°C stiga hiti. 7. desember mældist snjódýpt á flugvelli 34 cm. 8. desember er svell á götum og helst snjólítið fram að hreti 30. desember, þá er snjódýpt á flugvelli 30 cm.

Janúar: Umhleytingar og snjólaust að kalla. 8. janúar er heiðin rudd. 20. janúar lenda 3 menn lenda í snjóflóði í fjallinu Stól milli Skíðdals og Svarfaðardals. 200 m krapaflóð í 600-700 m hæð.

Febrúar: 1. febrúar mikil veðurhæð, 27 m/s. Snjóflóð á Múlaveg í beygjuni sunnan við Ríp. 2. og 3. febrúar, viðbúnaðarstig B sett á Ósbrekkufjall. 3. febrúar snjóflóð á Múlaveg, farvegur nr. 36. Flóð úr Stofugili, farvegur nr. 40 og einnig farvegur nr. 34. 8. febrúar, snjódýpt á flugvelli 30 cm. 15. febrúar suðlæg átt og hláka.

Mars: Marsmánuður mjög snjóléttur, mikið frost niður í 18°C gráður. Helst snjóaði fyrst í mánuðinum.

Apríl: 1. apríl jafnfallið á flugvelli 16 cm. 6. apríl hiti 10°C Gráður. 7. apríl tók snjó upp af flugvelli. 29. apríl í sumarbyrjun gerði hret og mikla snjókomu, snjódýpt á flugvelli 75 cm. Snjóflóð við Sauðanes Múlavegi.

Mái: 1. maí snjódýpt 57 cm. 3. maí snjóspýjur í Ósbrekkufjalli og Tindaöxl. 4. maí stika nr. 2 í Tindaöxl, snjódýpt 2,10 m. 20. maí tók allan snjó upp af flugvelli.

Júní: 18. júní úrkoma frá miðnætti til kl. 19, var 100 mm. Mikill vatnselgur í bænum. Slökkviliðið dælir með tveimur bílum frá kl. 14. Aurskriða féll um kl. 11 í Tindaöxl. 100 m löng og 3 m á breidd og 50 til 100 cm á þykkt. Hún rauf sundur kaldavatnsæð frá Brimnesdal í vatnstank. 19. júní aurskriða féll í gili sunnan við Kúhagagil í Ólafsfjarðarmúla.

Ágúst: 17. ágúst grjótskriða féll milli kl. 19 og 1:30 í Vogargjá í Ólafsfjarðarmúla (Dalvíkurmegin). Hún byrjar ofarlega í fjallinu og fór í sjó fram. Á vegi var hún 51 metri á breidd og 2,5 m þykk á vegi. Hrunið var úr vegkanti upp í 3 m skörð, mikil rigning hafði verið undanfarið.

Sumarið frekar sólarlítið og votviðrasamt.

Ólafsvík

Veður og snjóalög í Ólafsvík veturinn 2001 til 2002

Pétur Bogason

Í heildina lítið var veturinn snjóléttur. Í endaðan febrúar var ein vika með mikilli ofankomu, en aldrei þurfti að hafa áhyggjur af hlíðunum fyrir ofan heilsugæsluna í Ólafsvík. Snjómoksturs dagar voru svipaðir og í fyrravetur.

Neskaupstaður

Veður og snjóalög í Neskaupstað veturinn 2001 til 2002

Guðmundur Helgi Sigfússon

Veturinn var bæði snjóléttur og mildur í Neskaupstað. Í heildina var mjög lítill snjór á láglandi og upp undir kletta í 3–400 metra hæð, allan veturinn. Þessum vetri svipaði að miklu leyti til þess síðasta en líklega með heldur minni snjó á láglandi en svipuðu eða heldur meira á upptakasvæðum snjóflóða.

Aðeins eitt skráð snjóflóð er í fjallinu fyrir ofan Neskaupstað þennan vetur, en það var lítil spýja úr Drangagili, sem kom 13. febrúar. Auk þess sáust örlytlar hreyfingar í Innri-Sultarbotnum og Brynjólfsbotnagjá en það voru bara litlir taumar.

Í byrjun nóvember snjóaði fyrst þannig að gerði alhvíta jörð en þann snjó tók fljótlega upp aftur.

Síðan snjóar ekki að neinu marki fyrr en að morgni aðfangadags en þá gerði aftur alhvíta jörð bæði til fjalls og á láglandi. Bætti svo enn á snjóinn milli hátíða og þurfti að snjóhreinsa götur 28. og 29. des. 12. janúar var svo jörð orðin auð aftur á láglandi en snjór í fjöllum ofan kletta.

Seinni hluta janúar snjóaði svo lítilsháttar aftur og skiptust á tímabil það sem eftir var vetrar annars vegar með lítils háttar snjó og hins vegar auðum köflum á milli á láglandi. Snjór hélst í upptakasvæðum út veturinn og má segja að snjór þar hafi verið í meðallagi miðað við undanfarin ár. Frostakaflar voru litlir og stuttir.

Þetta árið voraði snemma og gerði mikinn hlýindakafla í apríl í rúma viku.

Seyðisfjörður

Veður og snjóalög á Seyðisfirði veturinn 2001 til 2002

Emil Tómasson

Veturinn hefur verið öðruvísi hér hjá mér en áður. Það hefur verið meiri vinna við aurskriður heldur en snjó.

Það kom mikil úrkoma um mánaðamótin september – október og síðan 8. okt. Á þessum tíma féllu um 18 aurskriður hér í firðinum og það mynduðust yfirborðssprungur í svokölluðum Þófa í Strandartindi. Sprungan í Þófa er í 85 – 95 metra hæð fyrir ofan verksmiðju SR-Mjöls hf. Við settum fasta punkta fyrir ofan og neðan sprungu. Mælt var daglega frá október og fram í miðjan janúar eða þangað til fyrsti snjórinn kom og ekki var lengur hægt að mæla. Það er helst að segja af þessum mælingum að það var lítil hreyfing á sprungunni á þessum tíma. Enn er fylgst vel með sprungunni.

Það er helst af snjó að segja að fyrsta hretið kom um áramótin en var lítið og tók fljótt upp aftur. Upp úr miðjum janúar fór fyrsta snjó að festa. Það segir kannski sitt um snjóleysið að ég komst ekki á snjósleða til að lesa af stikum í Bjólfi sem eru í 600 – 700 metra hæð fyrir en eftir mánaðamótin jan – feb. Frá 1. til 6. febrúar komu 5 flóð hér í Seyðisfirði. Það voru dreifð flekaflóð, tvö í Sandhólatindi og 3 í Bjólfi. Eitt flóð úr Bjólfi kom 13. feb.

Fleiri flóð hafa ekki fallið hér.

Af þessu sést að síðastliðinn vetur var frekar snjóléttur og góður hér hjá okkur.

Eskifjörður

Yfirlit vegna vetrarins 2001 til 2002

Hjalti Sigurðsson

Veturinn var fremur viðburðarlítil. Haustið byrjaði með miklum rigningum og þann 21. ágúst 2001 hlaust töluvert tjón af flóðum, sem stöfuðu af miklu úrfelli og voru það aðallega árfarvegir sem skemmdust.

Hér snjóaði nokkuð mikið á tiltölulega stuttum tíma og voru tilkynnt nokkur flóð upp úr því t.d. á skíðasvæðinu í Oddskarði og utan í Harðskafa.

Nýju snjóstangirnar eru efnilegar og þær virðast vera nokkuð vel staðsettar.

Í byrjun mars virtist vera mestur snjór á svæðinu og síðan ekki mikið eftir það og í byrjun júní er snjórinn að mestu horfinn í þeirri hæð, sem mest er fylgst með.